

(B. XIII, 1).

**Nd.**

**35. Frumvarp**

til laga um afnám kennaraembættis i hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson, Bernh. Stefánsson og Ing. Bjarnarson.

1. gr.

Kennaraembættið i hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands skal lagt niður.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 35, 26. okt. 1917.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, er sparnaðarnefndin flutti á Alþingi 1922 (þingskjal 61), en það var þá felt.

Ástæður þessa frv. eru hinar sömu og þá lágu til framkomu frv.: Hin mikla þörf ríkissjóðs að spara kostnað við embættismannahald.

Embætti þetta getur ekki talist svo nauðsynlegt, að rjett sje að kosta það áfram, þá er jafnalvarlega þrengist um fjárhag ríkissjóðs eins og nú.